

Til sveitarfélaga

SAMGÖNGU-OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgðu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 8. febrúar 2018  
Tilv.: SRN18010107/4.11.2

Efni: Uppgjör sveitarfélaga við Brú lifeyrissjóð vegna laga nr. 127/2016.

Í kjölfar lagabreytinga er vörðuðu samræmingu og jöfnun lifeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði og framtíðarskipan lifeyrismála, þykir reikningsskila- og upplýsinganeftnd rétt að koma á framfæri leiðbeiningum um meðhöndlun þessara breytinga í reikningsskilum sveitarfélaga.

Lagabreytingin hefur meðal annars í för með sér að sveitarfélögum ber nú að gera upp reiknaðan framtíðarhalla A-deilda Brúar lifeyrissjóðs, með einskiptisgreiðslu en þessar skuldbindingar hafa ekki verið færðar til bókar í reikningum sveitarfélaga.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytíð gerði á árinu 2017 breytingu á tveimur reglugerðum er varða reikningsskil sveitarfélaga. Annars vegar með útgáfu á reglugerð nr. 792/2017 um breytingu á reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlunar og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 og hins vegar með útgáfu á reglugerð nr. 793/2017 um breytingu á reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012. Markmið breytinganna er að tryggja rétta meðhöndlun greiðslna og skuldbindinga sveitarfélaga ásamt því að stuðla að samræmingu í reikningsskilum sveitarfélaga.

Að mati reikningsskila- og upplýsinganeftndar eru ofangreindar breytingar á reglugerðum skýrar varðandi meðhöndlun í reikningsskilum sveitarfélaga. Ástæða þess að nefndinni þykir rétt að senda sveitarfélögum frekari leiðbeiningar um meðhöndlun í reikningsskilum er sú að í reglugerðinni er gert ráð fyrir því að uppgjör við Brú lifeyrissjóð fari fram á árinu 2017. Þrátt fyrir að endanlegt uppgjör við Brú lifeyrissjóð hafi dregist til ársins 2018 er það mat nefndarinnar að ákvæði reglugerðar nr. 792/2017 um heimild sveitarfélaga að færa til eignar sem fyrirframgreiðslu framlög við uppgjör A deilda Brúar lifeyrissjóðs á árinu 2017 vegna reiknaðs framtíðarhalla A deilda sjóðsins gildi þrátt fyrir orðalag um árið 2017. Það er því ekki ástæða til að breyta reglugerðinni. Ákvæði um meðhöndlun fyrirframgreiðslunnar í reikningsskilum eiga við um meðferð þeirra í reikningsskilum ársins 2018.

Að mati reikningsskila- og upplýsinganeftndar ber því að færa til eignar sem fyrirframgreiðslu framlög vegna Lifeyrisaukasjóðs og Varúðarsjóðs á árinu 2018 en geta um uppgjörið við Brú lifeyrissjóð í skýringum ársreiknings 2017. Þrátt fyrir að eignfærla þessara skuldbindinga fari fram á árinu 2018 skal eftir sem áður gjaldfæra á árinu 2017 þann hluta Lifeyrisaukasjóðs og Varúðasjóðs sem telst áfallinn á árinu 2017 í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar þ.e. frá 31. maí 2017 og færa meðal

skammtímaskulda þar til gengið hefur verið endanlega frá fjármögnun vegna uppgjörsins við lifeyrissjóðinn.


Vegna ákvæða um gjaldfærslu Jafnvægissjóðs, þá skulu þau ákvæði standa óbreytt og því ber að gjaldfæra á árinu 2017 þann hluta framlags sveitarfélaga til Brúar lifeyrissjóðs, þ.e.a.s. Jafnvægissjóð, sem ætlaður er til að gera upp áfallna skuldbindingu sjóðsins í tengslum við uppgjör A deildar sjóðsins.

Ef spurningar vakna vegna efni bréfs þessa er sveitarfélögum bent á að hafa samband við starfsmann reikningsskila- og upplýsinganeftnar.

Fyrir hönd reikningsskila- og upplýsinganeftnar



Sigurður Guðmundsdóttir  
formaður



Eiríkur Benónýsson